

**624. fundur haldinn miðvikudaginn 1. nóvember 2000 kl. 11:30**  
**Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mættir:**

Tómas Ingi Olrich, formaður  
Jón Kristjánsson, varaformaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Til fundarins var boðað til að ræða um þá þætti sem hugsanlega gætu hindrað hliðstæðan áframhaldandi vöxt ferðaþjónustu á Íslandi á næstu árum og verið hefur undanfarið. Svo og hvernig væri hægt að tryggja áframhaldandi vöxt.

Að lokinni mjög almennri umræðu um málið var samþykkt að ræða það nánar við SAF og Ferðamálasamtök Íslands um forgangsröðun verkefna og tillögur að áframhaldandi vinnu.

Unnið var minnsblað með umræðupunktum fundarins og verður það rætt við ofangreinda aðila.

Jón Kristjánsson skýrði frá breytingum á yfirstjórn Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík. Nýr forstöðumaður Ingibjörg Hallbjörnsdóttir hefur tekið við af Vilborgu Guðnadóttur sem sagði starfi sínu lausu fyrir skömmu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:55